

**Nd.**

**910. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt efri deild hefir nú haft frumvarp þetta til meðferðar, og hefir gert á því þá einu breytingu, að lánsheimildin er bundin því skilyrði að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu ábyrgist lánið. Í samræmi við þetta ákvæði er því allt það, er vjer ætluðumst til að heyrði undir Stjórnarráð Íslands, lagt undir úrskurð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Nefndin felst á, að þetta sje öllu aðgengilegra fyrir landssjóðinn, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 9. sept. 1915.

G. Eggerz,  
formaður.

Matth. Ólafsson,  
skrifari.

M. J. Kristjánsson.

Skúli Thoroddsen.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Sig. Gunnarsson.

Þórarinn Benediktsson.